Stýrður ákvörðunarstaður

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Tilkynning um stýrðan ákvörðunarstað berst	CHED, part I	1. Starfsmaður í landamæraeftirliti verður var við að sending sem skráð hefur verið í TRACES á að fara á stýrðan ákvörðunarstað í CHED (sjá reit I.25 merktur *For re-entry*).
2. Skoðun á landamærastöð	CHED part II	2.Eftirlit með sendingunni fer fram á landamærastöð, skjala-, auðkenna og heilnæmiseftirlit eins og við á. Starfsmaður fyllir út part II á CHED í TRACES.
3. Tollstjóri upplýstur	Gámur innsiglaður	3. Starfsmaður á landamærastöð sendir tollgæslu á viðkomandi tollstöð tölvupóst um að sending sé í ferli fyrir stýrðan ákvörðunarstað. Óskað er eftir að tollverðir innsigli gáminn og sendi MAST innsiglisnúmerið á tölvupóstfangið bcp@mast.is.
4. Héraðsdýralæknir upplýstur	Gámur innsiglaður	4. Héraðsdýralæknir fær tilkynningu frá inn- og útflutningsdeild um að sending með stýrðan ákvörðunarstað sé væntanleg í umdæmið og innsiglisnúmer tollgæslunnar er sent til hans.
5. Tollafgreiðsla	Tollskýrsla	5. Sendingin er tollafgreidd og fær að því loknu heimild til þess að verða send í viðkomandi starfsstöð á ákvörðunarstað. Gert er ráð fyrir að endursendingin sé með tollskrárnúmerið 9803.7000. Leyfisnúmer er skráð í reit 14 á tollskýrslu.
6. Auðkennaskoðun og rof innsiglis	Símtal/ tölvupóstur	6. Þegar sendingin kemur í starfsstöðina þarf forsvarsmaður hennar að kalla til héraðsdýralækni eða fulltrúa hans sem mætir á staðinn og gengur úr skugga um að innsiglisnúmerið passi við það sem uppgefið var í póstinum frá tollgæslunni í lið 3. Héraðsdýralæknir hringir (eða sendir tölvupóst) í tollgæsluna ef innsiglisnúmerið er ekki það sama og upp var gefið í tölvupósti frá tollgæslunni í þriðja lið. Honum ber einnig að upplýsa landamærastöð um málið.
7. Niðurstöður eftirlits skráðar	CHED part III lokið	7. Héraðsdýralæknir eða fulltrúi hans klárar að fylla út í Part III í TRACES og tilkynnir þannig landamærastöð um að sendingin hafi skilað sér með réttum hætti í starfsstöð á ákvörðunarstað. Starfsmaður á landamærastöð tryggir að þetta sé gert innan 15 daga með áminningu í „Outlook-Calender“.